



## Global Membership Team (GMT) Starfslýsing formanna félaganefnda

### Kjörtímabil

1 ár. Á sæti í stjórn klúbbsins sem meðstjórnandi.

### Staða

Sem GMT félagafulltrúi klúbbs muntu vinna að draumi Melvin Jones - að sérhverri þörf sé hægt að mæta með Lions eða Leo. Með því að halda utan um félagana og ná nýjum félögum inn í klúbbinn þinn, ertu ekki aðeins að þróa nýja vináttu, heldur líka tryggja að klúbburinn þinn muni áfram vera í sterkri stöðu til að hlúa að samfélagi þínu og heiminum. Þátttaka þín hefur áhrif.

### Aðgerðir til árangurs

- Vinna með GAT teymi umdæmis að félagamálum, taka þátt í viðburðum á vegum umdæma og svæðis.
- Skipuleggja og leiða félaganefnd í að framkvæma aðgerðaráætlun til að ná markmiðum klúbbsins í félagamálum og styðja við jákvæðan anda meðal félaganna.
- Hvetja alla félagsmenn til að taka þátt í félagafjölgun með því að bjóða væntanlegum félögum á klúbbfund og taka vel á móti þeim.
- Beita sér fyrir samheldni og góðum starfsanda í klúbbnum. Hlusta á og ræða þau mál sem koma upp. Styðja við stjórn klúbbsins t.d. með því að gera könnun meðal félaga.
- Fá nýjum félaga hlutverk sem vekur áhuga hans.
- Vinna með nefndum klúbbsins í að stuðla að féлагаöflun.
- Tryggja, með aðstoð varaformanns/ fræðslustjóra klúbbsins GLT, að nýir meðlimir fái fræðslu um Lions, svo þeir skilji hvernig klúbburinn starfar innan umdæmis síns, fjölumdæmis og Lions á alþjóðavísu,
- Mæta á svæðisfundi á svæði klúbbsins þegar tækifæri gefst.

### Mælanlegur árangur

- Virkja fleiri félaga í klúbbnum en á síðasta ári.
- Hafa samband við a.m.k tvo fyrri félaga til að heyra hvort þeir vilji koma aftur í klúbbinn.
- Auka fjölda félaga í klúbbnum frá síðasta starfsári.
- Halda öllum félögum inni í klúbbnum.
- Nýir félagar hafi fengið kynningu á Lions.

### Ákjósanlegir eiginleikar

- Bera hag Lions fyrir brjósti og er tilbúin að tryggja framtíð klúbbsins.
- Er góð fyrirmynd og býður sjálfur inn nýjum félögum.
- Öflugur verkefnastjóri, góður ræðumaður og góður að útskýra.
- Fær um að nota tækni (tölvupóst, Word, MyLCI, heimasíðu LCI, samskiptaforrit eins og Zoom, Teams og samfélagsmiðla).

### Skýrslugerð

- GMT félagafulltrúi gefur formanni klúbbsins skýrslu fyrir svæðisfundi.